

Álagsaukning á vegi við Þorlákshöfn

Umferðargreining



Aukin smábíla- og þungaumferð með tilkomu uppbyggingar umfangsmikillar starfsemi við Þorlákshöfn.

Í þessu skjali er gefið yfirlit yfir áætlaða aukningu í álagi á vegakerfið vegna uppbyggingar á iðnaðarsvæði í Þorlákshöfn. Yfirlitið nær yfir umferð vegna uppbyggingar fimm nýrra fyrirtækja sem hafa nýlokið umhverfismati og þar sem tölur um umferð vegna flutninga um umferðar starfsfólks liggja að hluta til fyrir.

Yfirlitið nær ekki yfir almenna fólksfjölgun í Þorlákshöfn, stækkun hafnarinnar, þ.e. framkvæmdir og starfsemi sem henni fylgja eða yfir starfsemi annarra fyrirtækja á svæðinu. Til að fá heildstæða mynd yfir umferð til og frá Þorlákshöfn (umferðargreiningu) þyrfti að fara í ítarlegri greiningu á umferð vegna allrar atvinnustarfsemi, sér í lagi stækkun hafnarinnar og aukna þungaumferð vegna hennar. Vert er að taka með árstíðarbundnar sveiflur umferðar þar sem mikill munur er á sumar- (SDU) og vetrardagsumferð (VDU) við Þorlákshöfn, allt að 1.150 ökutæki á dag, sérstaklega í ljósi þess að framkvæmdir fara að mestu fram á sumrin. Einnig hefur orðið umtalsvert fólksfjölgun í Þorlákshöfn og áformuð nýbygging húsnæðis. Slík greining myndi byggja á rýni á aðalskipulagsbreytingum, samþykktum deiliskipulagsáætlunum og leyfum til framkvæmda og starfsleyfi.

Fyrirtækin sem yfirlitið nær yfir eru fiskeldisfyrirtækin First Water (áður Landeldi), Geo Salmo, Laxey og Thor Landeldi og mólunarverksmiðja HPM. Staðsetningu fyrirtækjanna við Þorlákshöfn má sjá á mynd 1.


Síða 1/3



Vegagerðin
Anna Margrét
Sigurbergsdóttir - Vg

Mynd 1: Yfirlitsmynd yfir nærumhverfi Þorlákshafnar.

Yfirlit yfir áætlaða aukningu í umferð nær yfir bæði þunga- og fólksflutninga, til og frá Þorlákshöfn og dreifist yfir stofnvegina Landeyjarhafnarveg (254 01), Suðurstrandarveg (427 12), Þorlákshafnarveg (38 01-03) og Þrengslaveg (39 01) (mynd 2), eftir eðli starfseminnar. Mynd 2 sýnir vegakerfi umhverfis Þorlákshöfn.




Mynd 2: Yfirlitsmynd yfir vegakerfi umhverfis Þorlákshöfn.

Síða 2/3

Tafla 1: Dagleg umferðaraukning smábíla- og þungaumferðar við Þorlákshöfn árið 2032. Tölurnar endurspeglar hámarksfjölda ökutækja sem kemur til með að nýta hvern veg fyrir sig.


	2032
Suðurstrandarvegur	1137
Þorlákshafnarvegur 38 01	940
Þorlákshafnarvegur 38 02	1137
Þorlákshafnarvegur 38 03	1137
Þrengslavegur	675

Tölurnar eru gróft mat og gefa yfirlit yfir áformaða umferðaraukning á framkvæmdatíma fyrirtækjanna og á rekstartíma, þar sem umferð starfsfólks bætist við. Ekki liggja fyrir greiningar á hversu stórt hlutfall bílaflotans ferðast eftir hverjum vegi fyrir sig eða hvaðan starfsfólk mun ferðast, en tölulegar upplýsingar eru byggðar á umhverfismatsskýrslum framkvæmdaaðila.



Síða 3/3

Línurit 1: Dagleg umferðaraukning næstu ára með tilkomu umfangsmikillar starfsemi við Þorlákshöfn.



Línurit 2: Þróun ársdagsumferðar við Þorlákshafnarveg 38 03 samkvæmt spálíkani Vegagerðarinnar (blá lína). Eðlileg umferðaraukning miðast við 1,89% árlega aukningu. Samanlögð ársdagsumferð (miðað við eðlilega umferðaraukningu) ásamt umferðaraukningu umræddrar starfsemi (bleik lína).